

Ofbeldið í RÚV og ímynd karlmannna (grein í Degi Tímanum 18. feb. 1997)

Nýlega lauk „ofbeldisviku“ RÚV. Það er vel til fundið hjá stofnunni að beina athyglinni að mikilvægu sviði mannlífsins með þessu hætti. Ofbeldi í ýmsum myndum birtist víða í mannheimum. Því gefur að skilja, að örðugt sé að velja, hvert kastljósinu skuli beint og hvernig skuli haga umræðu. En í umfjöllun RÚV er að mínum dómi margt prýðilega úr garði gert. Umfjöllunin um unglíngana var áhrifarík og sterk og lofa ber hugrekki hinnar ógæfusömu, ungu stúlku, sem varð fyrir fólkskulegri árás kynsystra sinna. Þó hefði mátt gæta jafnvægis í umfjöllun með tilliti til kynja. Þátturinn um eineltið í skólum var sömuleiðis prýðilegur.

Í einum dagsljósspáttanna var umfjöllum, að ég hélt, um fjölskylduofbeldi. En þó ekki. Í reynd var fjallað um ofbeldi karla gegn konunum í hefðbundnum kvenfrelsunarstíl með rymjandi skuggaveru, sem sagði farir sínar ekki sléttar. Karlóargadýrið var ævinlega allt um kring. Ofbeldi af kvenna hálfu bar hvergi á góma, hvorki ofbeldi í garð karlmannna, né barna. Í ljósi töluverðrar þekkingar á hvoru tveggja, er umfjöllun sem þessi með öllu óskiljaleg. Hvaða boðskap flytur RÚV?

Kastljósspátturinn um kynferðislegt ofbeldi var með svipuðu sniði. Fleiri rymjandi „skuggaverufórnarlömb“ vondra karla. (Þó með einni lofsverðri undantekningu.) Umfjöllunin reyndist vera um ljóta karla, sem misþyrmdu ungum stúlkum. Stundum lá við, að viðmælandinn væri óþarfur, svo mjög var spyrlinum í mun að koma eigin hugarórum fyrir í hugskoti hans. Þetta var umfjöllun einfaldleikans og bar miklu fremur svip frumstæðs kvenfrelsunaráróðurs, en hlutlausrar og málefnalegrar umræðu. Dregin er upp hin skelfilegasta mynd af feðrum. Varla er minnst á samskipti kynjanna eða samábyrgð þeirra. Varla er ýjað að því, að konur og mæður fremja einnig kynferðisglæpi. Algengi kynferðisofbeldis þykir ekki áhugavert. Varla er nokkur viðleitni sýnd til að varpa ljósi á tilbrigði við það andstyggilega hátterni, sem kynferðislegt ofbeldi er, hvorki frá sjónarhóli þolenda, né gerenda. Rannsóknir og gild fræði eru tæpast virt viðlits. Höfundur þáttanna virðist kogleypa hugmyndafræði Kvennaathvarfs og Stígmóta, sem starfa með ofstækiskennnd kvenfrelsunarsjónarmið að leiðarljósi. Vinnubrögð af þessum toga eru ámælisverð og uppeldislega viðsjárverð. Hvað hugsar ungvíðið okkar um feður sína og bræður, eftir slíkan boðskap. Og hvað hugsar ungir drengir um sjálfa sig?

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er viðstyggilegt, hvort sem í hlut á kona eða karl. Þegar fjallað eru um efnið er hollt að hafa í huga, að hugtakið er víðtækt og einhvers konar kynferðisleg áreitni fullorðinna gagnvart börnum er væntanlega tiltölulega algeng. Danskar rannsóknir benda til, að um fimmtungur fullorðinna hafi í bernsku þurft að þola slíka áreitni í einhverri mynd. Sambærilegar rannsóknir hafa ekki verið gerðar hér heima.

Vitanlega ber að leita allra leiða til að spyrna gegn kynferðisglæpum. En mér er mjög til efs, að umfjöllun af því tagi, sem hér er gagnrýnd, auðveldi slíka leit, nema síður væri. Vonandi verður áhugi á kynferðislegu ofbeldi ekki til þess, að við látum undir höfuð leggjast að skoða önnur tilbrigði við ofbeldi gegn börnum og unglíngum, sem eru ekki síður örlagarík.

Að lokum er ekki úr vegi að minna á, að margt er einnig fagurt í mannlífinu eins og t.d. föðurástin, sem íslenskir fjölmiðlar gera sjaldan skil.